

Námskrá

Íslenska fyrir útlendinga- grunnnám



Menntamálaráðuneyti
2008

Íslenska fyrir útlendinga - grunnnám

Námskrá

Menntamálaráðuneyti
2008

**Menntamálaráðuneyti : Námskrá, Íslenska fyrir útlendinga - grunnám.
[Ágúst 2008]**

**Útgefandi: Menntamálaráðuneyti
Sölvhólgötu 4
150 Reykjavík
Sími: 545 9500
Bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.stjr.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is**

Umbrot og textavinnsla: Menntamálaráðuneyti

Kápuhönnun: Menntamálaráðuneyti

Prentun:

© 2008 Menntamálaráðuneyti

ISBN 978-9979-777-64-9

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
1 Hlutverk námskrár í grunnnámi í íslensku fyrir útlendinga (ÍFÚ - 240 stundir).....	3
1.1 Færniþættir.....	3
1.2 Skipan náms.....	4
1.3 Námsmat.....	4
1.4 Vitnisburður.....	5
1.5 Sveigjanlegt samspil.....	5
1.6 Nemendur með sértæka námsörðugleika.....	5
1.7 Lokamarkmið í grunnnámi í íslensku fyrir útlendinga (240 stundir).....	6
2 1. áfangi – 60 kennslustundir.....	7
2.1 Áfangalýsing.....	7
2.2 Efnisatriði.....	7
2.3 Loka- og færnimarkmið við ÍFÚ 1.....	7
3 2. áfangi – 60 kennslustundir.....	8
3.1 Áfangalýsing.....	8
3.2 Efnisatriði.....	8
3.3 Loka- og færnimarkmið við ÍFÚ 2.....	8
4 3. áfangi – 60 kennslustundir.....	10
4.1 Áfangalýsing.....	10
4.2 Efnisatriði.....	10
4.3 Loka- og færnimarkmið við ÍFÚ 3.....	10
5 4. áfangi – 60 kennslustundir.....	12
5.1 Áfangalýsing.....	12
5.2 Efnisatriði.....	12
5.3 Loka- og færnimarkmið við ÍFÚ 4.....	12

Inngangur

Við gerð þessarar námskrár var viðmiðunarrámi Evrópuráðsins fyrir erlend tungumál (Common European Framework of Reference for Languages) hafður til hliðsjónar. Rámiinn auðveldar og samræmir mat á tungumálakunnáttu og gerir tungumálakennsluna markvissari og skilvirkari. Evrópuráðið hefur einnig unnið að Evrópsku tungumálamöppunni (European Language Portfolio, ETM) sem byggir á viðmiðunarrámanum. Hún er hjálpartæki í tungumálanámi og kennslu sem miðar að því að efla sjálfstæði og ábyrgð nemenda. Hún er þrjúþætt og inniheldur tungumálapassa, námsferilsskrá og safnmöppu. Í námsferilsskrá setur nemandi sér markmið, getur skráð hugleiðingar sínar um námið og framvindu þess og þar eru einnig gátlistar fyrir sjálfsmat.

1 Hlutverk námskrár í grunnnámi í íslensku fyrir útlendinga (ÍFÚ - 240 stundir)

Námskránni er ætlað að leiðbeina um kennslu fyrir útlendinga á fullorðinsaldri. Einn tilgangur námskrárinnar er að auðvelda samræmingu og mat á íslenskunáminu. Með samræmingu fæst frekari samfella í námsferlinu og námsmaður sem flyst milli landshluta getur gengið að því vísu að sömu kröfur eru gerðar til námsins hvar sem kennt er. Námsmat er einnig sambærilegt og lagt er til að það taki mið af viðmiðunarstöðlum Evrópuráðsins. Námskráin er sveigjanleg og styður við annað nám, t.d. starfstengt nám á vinnustað.

Með kennslu í íslensku fyrir útlendinga er stefnt að því að nemendur verði sem best í stakk búnir að taka virkan þátt í íslensku, lýðræðislegu þjóðfélagi. Því er lögð áhersla á að námsþættirnir snerti persónulega færni, félagslega færni og að lokum starfsfærni eftir því sem framast er unnt, þar sem tími til námsins er takmarkaður við 240 stundir.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan bakgrunn hvað varðar nám, menningu og tungumál. Þeir hafa mismikla undirstöðu í eigin tungumáli, læsi og námi og eru því misjafnlega undirbúnir að takast á við nýtt tungumál í nýju, framandi umhverfi. Þeir hafa einnig verið mislengi á Íslandi og fengið ólík tækifæri til að kynna íslenskri tungu. Námsgreinin íslenska sem annað/erlent tungumál er því ekki einungis tungumálakennsla. Saman fara markmið þar sem leitast er við að þjálfar nemendur í íslensku máli sem og menningarfærni og með því stuðla að félagslegri vellíðan nemandans. Þau fela í sér að nýja tungumálið sé lykill að íslensku, lýðræðislegu samfélagi, íslensku skólastarfi, íslensku atvinnuumhverfi og brú ólíka menningarheima.

Í íslenskunáminu er byggt á frammistöðu og ábyrgð einstaklings sem og samvinnu og samábyrgð allra sem koma við sögu þess. Engar kröfur eru gerðar til skólagöngu áður en námið í íslensku hefst. Námsfni, framsetningu og framvindu náms verður að sníða eftir forsendum þátttakenda. Aðbúnaður og aðstaða verða að hæfa fullorðnu fólki.

Fjölbreyttum aðferðum í tungumálakennslu skal beitt við kennsluna til að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp og til að æfa alla færniþætti. Til dæmis má nefna einstaklings- og paravinnu, leiki, hópvinna, vettvangsferðir o.fl.

Eins og áður er sagt er námsskráin miðuð við 240 stundir og ljóst að þær eru aðeins lítið brot af þeim tíma sem flestir þurfa til að tileinka sér nýtt tungumál. Því er lögð áhersla á að veita nemendum nokkra innsýn í íslenska menningu, skóla- og atvinnulíf sem nýtist þeim við daglegar aðstæður á Íslandi.

1.1 Færniþættir

Markmið námsskrárinnar taka mið af færniþáttum. Megináherslan er á skilning og talað mál. Talað mál er þjálfað á tvo mismunandi vegu, annars vegar með samskiptum og hins vegar í frásögn. Þetta er í samræmi við viðmiðunarramma Evrópuráðsins. Í upphafi námsins er um einföld orðaskipti að ræða, en eftir því sem lengra líður á er hægt að gera meiri kröfur um samfelli í samtalinu. Samskipti eru oft þess eðlis að þau er ekki hægt að sjá fyrir. Því er nauðsynlegt að nota fjölbreyttar aðferðir til að þjálfar samskipti og gefa nemendum raunveruleg tækifæri til að æfa sig að tjá hugsanir sínar, skoðanir og tilfinningar. Nemendur þurfa einnig að fá tækifæri til að æfa sig í að segja frá og þjálfar skipulag í frásögn auk þess að æfa framburð. Þannig geta þeir betur miðlað eigin reynslu og lagt sitt að mörkum til að auka skilning annarra á ólíkum menningarheimum. Virk hlustun á nýja tungumálið er einnig nauðsynleg og því er æskilegt að íslenskan sé notuð sem mest í kennslunni. Nemendur fá aukna tilfinningu fyrir hljómfalli, framburði og áherslum málsins með því að hlusta á margs konar efni, flutt á mismunandi hátt og með endurtekningu. Að sama skapi eflist máltilfinningin eftir því sem meira er lesið og orðaforðinn eykst. Það er því gagnlegt fyrir nemendur að lesa sem mest texta sem kunna að verða á vegi þeirra í daglegu lífi og starfi.

Ritun er sá þáttur tungumálanáms sem er hvað erfiðastur og krefst mikillar þjálfunar. Í þessari námskrá er lögð mest áhersla á málskilning og munnlegu færniþættina og því gefst ekki mikill tími

til ritþjálfunar. Heppilegast er að tengja ritunina reynslu, þörfum og þekkingu nemenda. Þannig geta þeir nýtt sér það sem þeir kunna til að tengja ritun öðrum færniþáttum og festa orðaforðann enn betur í minni.

Kunnátta í tungumálum er þó ekki samansafn af færni í einstökum þáttum heldur fléttast þeir saman og mynda eina heild. Hér verður ekki bent á að nemendur þurfi, á ákveðnu stigi námsins, að hafa ákveðna málfræðiþætti á valdi sínu. Ástæða þess er sú að þeir munu samtinnast öðrum færniþáttum, einkum þeim munnlegu eftir því sem eðlilegt er. Málfræðin er því ekki stýrandi þáttur heldur samofin viðfangsefninu hverju sinni. Að sjálfsögðu er þó málfræðikunnátta nauðsynleg og til að öðlast kunnáttu í erlendu tungumáli þurfa nemendur að geta beitt málfkerfinu á réttan hátt og auka sífellt við orðaforða sinn. Eftir því sem líður á námið og aukin áhersla er lögð á ritfærni verður þekking á íslensku málfræði, stafsetningu og setningagerð æ mikilvægari. Mál og menning er samofin heild. Nauðsynlegt er að nemendur kynnist einnig daglegu lífi fólks, siðum, venjum og menningu landsins í tungumálanáminu. Með því eykst öryggi nemandans og hann á auðveldara með að skilja hið nýja samfélag.

1.2 Skipan náms

Náminu er skipt upp í fjóra heildstæða áfanga þar sem 60 kennslustundir liggja að baki hverjum áfanga. Fræðsluaðilum er heimilt að skipta náminu í fleiri en fjóra áfanga. Innan 60 kennslustunda áfanga er gert ráð fyrir svigrúmi til verkefnavinnu nemenda utan skólatíma og vinnu við tungumálapassa, námsferilsskrá og safnmöppu. Hver áfangi hefur skýr, mælanleg lokamarkmið, þeim fylgja færnimarkmið sem eru ekki tæmandi en er ætlað að vera leiðandi og ýta undir heildstæða kennslu. Í öllum áföngum er áherslan fyrst og fremst á talað mál og málskilning. Reynt er eftir bestu getu að kenna rétt mál en áhersla lögð á skilning. Í fyrstu tveimur áföngunum lærir nemandinn að beita grunnorðaforða og skilja undirstöðuatriði í íslensku talmáli auk þess að öðlast nokkurn skilning á samfélaginu þar sem athyglinni er beint að íslensku atvinnulífi. Í þriðja og fjórða áfanga er farið dýpra í sömu þætti og leitast við að skapa sífellt meiri samfellu í samtölum. Uppbyggingu námsins er ætlað að taka mið af undirstöðu og þörfum nemenda, bæði hvað varðar misjafnar forsendur til náms og mismunandi námsmarkmið.

1.3 Námsmat

Á vegum Evrópuráðsins hefur verið gefinn út viðmiðunarrámi (Common European Framework of Reference for Languages) fyrir námsmat í tungumálum. Rámiinn gerir ráð fyrir sex kunnáttustigum: A1-A2-B1-B2-C1-C2. Áföngunum fjórum í námskránni er ætlað að þjálfa þá færni sem samsvarar viðmiðunarrömmum A1 – A2.

Með námsmati er kannað að hve miklu leyti nemandi hefur náð settum markmiðum í viðkomandi áföngum. Námsmati er ætlað að vera leiðbeinandi, það gefur námsmanninum vitneskju um stöðu sína í ýmsum færniþáttum málsins og viðunandi árangur veitir honum rétt til að takast á við næsta stig námsins.

Námsmat hefur mikið notagildi í kennslu. Reynt skal að afla öruggar og víðtækrar vitneskju um árangur nemenda og fylgjast vandlega með því hvernig þeim gengur að ná þeim markmiðum sem námskráin og fræðsluaðilar setja. Á þennan hátt getur kennari fylgst með framförum nemenda og gert sér grein fyrir árangri og þróun kennslunnar. Niðurstöður námsmats geta gefið kennara tilefni til þess að setja ný markmið, breyta niðurröðun námsefnis eða kennsluáferðum.

Kennarar eru hvattir til þess að meta nám nemenda með fjölbreytilegum hætti. Umfang og aðferðir vð matið skulu þó vera í samræmi við markmið og kennslu í viðkomandi áfanga. Námsmat getur t.d. byggst á:

- verkefnum sem nemandi vinnur í kennslustundum og utan þeirra
- frammistöðu í kennslustundum og árangri á hlutaprófum
- munnlegu lokaprófi
- skriflegu lokaprófi þar sem við á
- leiðarþókar-/ferilbókarskrifum

- frammistöðu/færni í vinnustaðanámi
- sjálfsmati

1.4 Vitnisburður

Lagt er til að sérhverjum nemanda fylgi:

a) Námsferilsskrá sem inniheldur m.a.: sjálfsmatslista eftir hvern áfanga, staðfestingu viðkomandi fræðslustofnunar á hvaða kennslustundafjölda viðkomandi hefur lokið og hver tímasóknin hafi verið. Í skránni er einnig að finna viðurkenningu á því að nemandi hafi staðist námsmat áfangans. Vitnisburðurinn er skriflegur.

b) Mappa þar sem nemandi safnar saman þeim verkefnum, innan skólans sem utan, sem hann telur að varpað geti ljósi á leikni hans í íslensku máli.

1.5 Sveigjanlegt samspil

Ekki verður hjá því komist að ætla að nemendur þurfi mislangan tíma til þess að standast námsmat áfanganna fjögurra. En aukin ábyrgð nemandans á eigin námi, áhersla á kennsluáðferðir sem henta fullorðnu fólki og námsefni við hæfi er ætlað að vera námsmanninum hvatning til dáða.

Þeir nemendur sem eru illa læsir eða ólæsir á latneskt letur geta átt undir högg að sækja við íslenskunámið. Einnig eru þeir nemendur, sem koma frá mjög ólíkum málsvæðum oft verr í stakk búnir til þess að tileinka sér íslenskt mál á sama hátt og t.d. fólk sem hefur svipaðan tungumálabakgrunn, meðal annars vegna framburðarvandamála. Því er lagt til að ólæsir noti allt að helmingi námstímans (u.þ.b. 120 stundir) til lestrarnáms og sama tímafjölda til að ljúka tveimur fyrstu áföngunum. Sá kennari sem annast lestrarkennsluna veitir vitnisburð þar um í námsferilsskrá viðkomandi.

Ílla læsir nemendur eða þeir sem hafa t.d. mjög ólíkt mál að móðurmáli sínu tekst hugsanlega ekki að standast námsmat byrjunaráfangans eftir 60 stundir þar sem eðlilegt er að þeir þurfi lengri tíma til námsins. Því má gera ráð fyrir að þeim komi til góða að endurtaka fyrsta áfangann/áfangana til að öðlast traustari undirstöðu. Þetta felur í sér að þeim tekst ekki að ljúka öllum áföngunum fjórum en nota þess í stað námstímann til að ljúka tveimur fyrstu áföngunum. Ekki þurfa allir þeir nemendur sem koma frá ólíkum málsvæðum á þessum frávikum að halda. En með slíkum sveigjanleika er verið að koma til móts við þarfir sérhvers einstaklings með það að leiðarljósi að námið nýtist honum sem best til virkrar þátttöku í íslensku samfélagi. Þar sem frammistaða nemandans er skráð í námsferilsskrá hans er mögulegt að geta þess ef einhver frávík eiga sér stað í sambandi við námsferlið.

Ef tilefni er til má einnig dýpka markmiðin og/eða bæta við markmiðum eftir því sem þörf krefur. Þess er þá getið í vitnisburði kennara, sjá námsferilsskrá. Nauðsynlegt er að þeir nemendur sem lakastan undirbúning hafa við upphaf námsins séu hvattir til áframhaldandi náms. Þeir nemendur sem hefja námið með einhverja þekkingu geta byrjað námið í síðari áföngum í samræmi við stöðu sína samkvæmt stöðuprófi og sleppt áföngum þegar sýnt er að þeir taki stórstígu framförum.

1.6 Nemendur með sértæka námsörðugleika

Íslenska sem annað tungumál felur í sér þjálfun í íslensku og hvatningu til virkrar, lýðræðislegrar þátttöku í íslensku samfélagi. Sumir nemendur eiga mjög erfitt með að læra íslensku. Það getur verið vegna lesblindu eða annarra erfiðleika. Kennsla í íslensku sem öðru tungumáli þarf að taka mið af stöðu nemenda í námi og þeirri staðreynd að menningarleg reynsla þeirra og tungumálakunnátta getur verið mjög mismunandi. Þegar um lestrarvanda er að ræða þarf að leggja sérstaka áherslu á hlustun og talað mál. Í þessu sambandi er bent á mikilvægi einstaklingsáætlunar. Það er formleg áætlun sem nemandi setur sér, fyrir ákveðið tímabil, í samvinnu við kennara sinn. Hún nær til þeirra meginmarkmiða sem nemandinn hyggst ná í náminu og þeirra leiða sem hann ætlar að fara og byggir á mati á stöðu hans. Áætlunin byggir á markmiðum námskrár um íslenskukennslu fyrir útlendinga og ýtir undir ábyrgð viðkomandi á eigin námsframvindu.

1.7 Lokamarkmið í grunnnámi í íslensku fyrir útlendinga (240 stundir)

Nemandi

- geti bjargað sér við daglegar aðstæður í skóla, vinnu og einkalífi
- geti bjargað sér við óvæntar aðstæður
- hafi öðlast nægilegt vald á orðaforða til að geta tekið þátt í umræðum um kunnugleg málefni
- geti skilið einfaldar samræður milli manna
- geti lesið stutta texta á einföldu máli um kunnugleg efni
- geti skrifað stuttan texta á einföldu máli um kunnugleg efni
- hafi öðlast undirstöðuþekkingu í helstu síðum og venjum í íslensku samfélagi
- geti greint aðalatriði í ljósvakamiðlum, sjónvarpi og útvarpi þegar um kunnuglegt efni er að ræða.

2 1. áfangi – 60 kennslustundir

ÍFÚ 1

2.1 Áfangalýsing

Áfanginn er ætlaður byrjendum í íslensku. Lögð er áhersla á að kynna nemendum uppbyggingu tungumálsins með hlustun, lestri, frásögn og samræðum eftir því sem orðaforðinn leyfir. Unnið er með auðveldda texta sem tengjast daglegu lífi til að auka orðaforða nemenda og þjálfa framburð. Lögð er áhersla á að fjölbreyttum aðferðum í tungumálakennslu skuli beitt.

2.2 Efnisatriði

Dæmi: nafn, heimilisfang, almenn kurteisi, stafróf, tölur, aldur, atvinna, klukkan, vinnutími, skólatími, í dag, í gær og svo frv., heiti daga, heiti mánaða, svefn, að þvo sér/þvott, bað, sturta, þrífa, máltíðir, mat, að kaupa, líðan, líkaminn.

2.3 Loka- og færnimarkmið við ÍFÚ 1

Hafa ber í huga að færnimarkmiðin eru ekki tæmandi en einungis leiðbeinandi. (Lokamarkmið eru feitletruð en færnimarkmið skáletruð.)

Nemandi skilur og getur svarað einföldum spurningum um eigin persónu og fjölskylduhagi.

Dæmi:

- *segir nafn sitt og hve gamall hann er*
- *segir hvaðan hann kemur og hvar fjölskyldan býr*
- *segir hvar hann á heima*
- *svarar til um hvar eða hvort hann vinnur*
- *nefnir fjölda og aldur fjölskyldumeðlima*
- *notar heiti yfir tengsl innan fjölskyldunnar*
- *beitir almennri kurteisi*

Nemandi skilur samhengi í stuttu, einföldu samtali um vinnu.

Dæmi:

- *tilgreinir núverandi og/eða fyrrverandi tegund atvinnu*
- *segir frá vinnutíma*
- *segir frá á einfaldan hátt hvað hann fæst við í vinnunni*

Nemandi getur skýrt frá daglegum athöfnum sínum.

Dæmi:

- *skýrir frá löngun, vilja og ætlun í 1. persónu*
- *segir frá frítíma – t.d. hvert viðkomandi fór*
- *hefur orð yfir algeng tímahugtök*
- *skilur og segir hvað klukkan er/var*
- *skilur og segir tölur og upphæðir*

Nemandi getur gert sig skiljanlegan um heilsu sína.

Dæmi:

- *hefur orð yfir hluta líkamans*
- *segir hvernig honum líður*
- *spyr um lyfseðil og viðeigandi lyf*

3 2. áfangi – 60 kennslustundir

ÍFÚ 2

3.1 Áfangalýsing

Áfanginn er ætlaður þeim sem hafa nokkra undirstöðu í íslensku. Haldið er áfram að vinna með þá þætti sem tengjast daglegu lífi og starfi einstaklingsins til að auka orðaforða nemanda. Lögð er áhersla á að nemendur geti gert sig skiljanlega í verslun, bakaríi, banka, pósthúsi og veitingahúsi og tekið þátt í einföldum samræðum um dagleg málefni, svo sem veður og áhugamál. Eins og áður er lögð áhersla á að kynna nemendum uppbyggingu tungumálsins með hlustun, lestri, ritun, frásögn og samræðum. Haldið áfram að þjálfra íslensk hljóð og framburð. Fjölbreyttum kennsluáferðum í tungumálakennslu beitt. Leitast er við að gera verkefni þannig úr garði að þau reyni á hæfni nemandans við raunverulegar aðstæður.

3.2 Efnisatriði

Dæmi: mismunandi áhugamál, útlit, fatnaður, litir, skóladagurinn, vinnudagurinn, staðsetning á, t.d. húsgögnum, áhöldum og vörum, lýsing á matseld, leggja á borð, taka af borði, þvo upp, þurrka upp, lýsing á fólki, lýsing á húsnæði, að panta, að kaupa miða, að senda, að sækja, að taka miða í banka, að borga, að stofna reikning, taka út, leggja inn, hraðbanki. Mismunandi orð yfir veðurlag og færð.

3.3 Loka- og færnimarkmið við ÍFÚ 2

Hafa ber í huga að færnimarkmiðin eru ekki tæmandi en einungis leiðbeinandi. (Lokamarkmið eru feittruð en færnimarkmið skáletruð.)

Nemandi getur rætt nokkuð óhikað um málefni sem hann þekkir vel.

Dæmi:

- *segir frá áhugamálum*
- *segir frá því sem fjölskyldan fæst við*
- *lýsir fólki*
- *lýsir fatnaði*
- *talur um liðna atburði á mjög einfaldan hátt*

Nemandi getur tekið þátt í umræðum um dagleg málefni.

Dæmi:

- *ræðir um mismunandi starfssvið*
- *segir frá vinnudegi*
- *segir frá skóladegi*
- *lýsir staðsetningu og notkun hluta*
- *talur um mat og matarvenjur*
- *talur um veður*

Nemandi getur gert sig skiljanlegan í verslun, banka og pósthúsi.

Dæmi:

- *spyr og svarar hvar ákveðnar tegundir er að finna*
- *spyr og svarar til um verð*
- *lætur í ljós ákvörðun sína um kaup.*
- *pantar á veitingahúsi*
- *lætur í ljós ósk sína um að stofna til viðskipta*
- *hefur orð yfir að leggja inn peninga og taka út peninga*
- *segist vilja senda/sækja bréf/pakka*

Nemandi getur beðið um og gefið almennar upplýsingar.

Dæmi:

- *spyr og vísar til vegar*
- *spyr og svarar til um tímalengd*
- *spyr og svarar til um kostnað*
- *spyr um komutíma og brottför*
- *kaupir farmiða/strætókort*
- *skrifar almennar persónuupplýsingar á eyðublöð*
- *biður um frí*
- *lætur í ljós óskir um vinnutíma*
- *tilkynnir veikindi*
- *les og skrifar einföld skilaboð*

4 3. áfangi – 60 kennslustundir

ÍFÚ 3

4.1 Áfangalýsing

Áfanginn er ætlaður þeim sem hafa þó nokkra undirstöðu í íslensku og geta gert sig skiljanlega um fjölskylduhagi, líðan sína og starf. Haldið er áfram að fjalla um þætti sem tengjast daglegu lífi og starfi til að auka orðaforða nemanda og þjálfra framburð. Einnig er þjálfaður orðaforði sem tengist leigu á húsnæði og húsnæðis kaupum. Lögð er áhersla á að kynna íslenskt samfélag fyrir nemendum með það fyrir augum að þeir verði meðvitaðir um þá siði og þær venjur sem hér tíðkast. Þeir þjálfast einnig í að kynna sitt heimaland, siði og venjur. Fjölbreyttum kennsluáferðum í tungumálakennslu beitt. Leitast er við að gera verkefni þannig úr garði að þau reyni á hæfni nemandans við raunverulegar aðstæður og þjálfni nemandann í að geta haldið uppi samræðum og gert sig sem best skiljanlega á íslensku.

4.2 Efnisatriði

Dæmi: auglýsingar, húsaleigusamningur, trygging, fyrirframgreiðsla, skilmálar, umgengni, leiga, kaup, lögregla, slökkvilið, lækni, hjúkrunarfræðingur, sjúkrabíll, slys, árekstur, skýrsla, kalla á hjálp, hátíðir og sérstakir dagar, skólafrídagar, kostir, gallar, styrkleiki, veikleiki, kunnátta, persónulegir eiginleikar, s.s. kurteisi, tillitssemi, samvinna.

4.3 Loka- og færnimarkmið við ÍFÚ 3

Hafa ber í huga að færnimarkmiðin eru ekki tæmandi en einungis leiðbeinandi. (Lokamarkmið eru feitletruð en færnimarkmið skáletruð.)

Nemandi getur skilið og beitt almennum orðaforða tengdum húsnæði.

Dæmi:

- *auglýsir eftir húsnæði*
- *svarar auglýsingu um húsnæði*
- *fillir út húsaleigusamning*
- *segir upp húsaleigusamningi*
- *spyr um staðsetningu, stærð og verð á húsnæði*
- *spyr um greiðslufyrirkomulag og afhendingartíma*

Nemandi er fær um að kalla til aðstoð ef hættu ber að höndum.

Dæmi:

- *hefur orð yfir helstu hjálparaðila*
- *finnur helstu símanúmer*
- *þekkir íslenska neyðarnúmerið 112*
- *hringir á sjúkrabíl og gefur upp staðsetningu*
- *biður um aðstoð lögreglu og útskýrir hvað gerðist*
- *hringir á slökkvilið og útskýrir hvað gerðist*
- *útskýrir hjá lækni hvað er að*

Nemandi getur skilið og beitt almennum orðaforða varðandi venjur og siði.

Dæmi:

- *segir frá venjum og siðum tengdum sérstökum dögum í heimalandinu*
- *spyr um venjur og siði tengda sérstökum dögum á Íslandi*
- *spyr um og segir frá venjum og siðum tengdum stórhátíðum*
- *les og skrifar almenna texta um venjur og siði*

Nemandi er fær um að tjá eigin hugmyndir og skoðanir á skiljanlegu máli.

Dæmi:

- *segir frá hugmyndum sínum um framtíðina*
- *lýsir tilfinningum*
- *hrósar eða kvartar*
- *skrifar einfalda texta um eigin hugmyndir*

5 4. áfangi – 60 kennslustundir

ÍFÚ 4

5.1 Áfangalýsing

Áfanginn miðast við þarfir þeirra sem hafa nokkuð góða undirstöðu í tungumálinu. Fjallað er um þætti sem tengjast daglegu lífi og þörfum fjölskyldu. Áhersla er lögð á að efla orðskilning nemenda tengdan ýmsum störfum, samskiptum á vinnustað, atvinnuumsóknum, atvinnuviðtölum og launaseðlum. Áfram er lögð áhersla á íslenskt samfélag og fjölmiðla með það fyrir augum að auka færni nemenda í tungumálinu og efla sjálfstraust þeirra og samfélagslega vitund. Fjallað um mannleg samskipti, virðingu og umgengni. Íslensk landafræði lítillaga kynnt og nemendur segja frá reynslu sinni af ferðalögum um Ísland og önnur lönd. Fjölbreyttum kennsluaðferðum í tungumálakennslu beitt. Þjálfun í ritfærni eykst. Leitast er við að gera verkefni þannig úr garði að þau reyni á hæfni nemandans við raunverulegar aðstæður og þjálfni nemandann í að geta haldið uppi samræðum og gert sig sem best skiljanlega á íslensku.

5.2 Efnisatriði

Dæmi: sjónvarp, dagblöð, Internetið, útvarp, myndir, skóladagar, starfsdagar, viðeigandi klæðnaður, veikindi, viðtalstími, hegðun, heimanám, próf, skólabækur og áhöld, foreldrafundur, skólaskemmtanir, öryggisatriði, skattur, skattaskýrsla, orlof, kaup, atvinnuviðtal, ferilskrá, launaseðill, stéttarfélag, persónuafsláttur, ferðalög, landafræði.

5.3 Loka- og færnimarkmið við ÍFÚ 4

Hafa ber í huga að færnimarkmiðin eru ekki tæmandi en einungis leiðbeinandi. (Lokamarkmið eru feitletruð en færnimarkmið skáletruð.)

Nemandi getur óhikað skilið og beitt orðaforða í almennum samskiptum t.d. í skóla og vinnu.

Dæmi:

- *spyr um og segir frá stundatöflu og einstökum námsgreinum*
- *spyr um líðan og námsgengi barns*
- *ræðir um virðingu og umgengni*
- *ber saman samskiptareglur á Íslandi og í heimalandinu*
- *ræðir samskipti sín við yfirmenn/samstarfsmenn*

Nemandi skilur aðalatriði þess sem fjallað er um í íslenskum fjölmiðlum.

Dæmi:

- *segir frá, á einfaldan hátt, hluta af mynd, þætti eða frétt sem hann sá í sjónvarpi*
- *segir frá, á einfaldan hátt, hluta af frétt sem hann las um í blaði*
- *segir frá, á einfaldan hátt, broti af einhverju sem hann heyrir um manna á meðal*
- *gerir stuttan útdrátt úr blaðagrein*

Nemandi getur skilið og beitt almennum orðaforða tengdum vinnustað.

Dæmi:

- *spyr um öryggisatriði á vinnustað*
- *spyr um tæki og tól á vinnustað*
- *biður um útskýringar á verkþætti*
- *skilur réttindi sín og getur sagt frá þeim*
- *gerir atvinnuumsókn og ferilskrá á íslensku*
- *segir frá eigin starfi, menntun og persónulegri færni*

Nemandi getur skilið og beitt orðaförða um ferðalög.

Dæmi:

- *segir frá stöðum sem hann hefur heimsótt*
- *segir frá stöðum í eigin heimalandi*
- *getur lýst landslagi lítillaga*
- *les almenna texta um ferðalög*
- *skrifar um eigin ferðalög*